



Fréttabréf forseta

Apríl 2017

Kæru formenn í Delta Kappa Gamma

Í gær var fyrsti dagur sumars (þó veðrið minni ekki mjög á sumarið þessa dagana) og því við hæfi að óska ykkur öllum gleðilegs sumars með kærri þökk fyrir veturinn. Nú er orðið örstutt í lands-

sambandsþingið okkar; dagskráin tilbúin og allur undirbúningur á lokametrunum. Það eru því síðustu forvöð að minna félagskonur á það að skrá sig. Þegar þetta er skrifað hafa



76 konur skráð sig á þingið en leitt þykir mér að segja frá því að enn eiga ekki allar deildir fulltrúa. Ef einhver er að bíða með að skrá sig fram yfir mánaðamót vegna ráðstefnugjaldsins, bendi ég viðkomandi á að láta vita af sér svo við vitum þátttökutöluna í tíma þó gjaldið sé enn ógreitt. Ég minni svo á að hægt er að sækja um styrk til stéttarféлага til að sækja þing eins og okkar og mörg þeirra bjóða einnig upp á hótélávísanir.

Ný deild

Ný deild, Ný, var stofnuð 2. apríl á Norðvesturlandi. Í henni eiga sæti 18 konur frá Hofsósi, Varmahlíð, Sauðárkróki, Blönduósi, Skagaströnd og Hvammstanga. Um leið og við bjóðum þessa 13. deild samtakanna á Íslandi velkomna í hópinn, óskum við útbreiðslunefndinni til hamingju með þennan árangur en það hefur lengi verið ósk okkar að stofna deild á þessu svæði. Til gamans má geta þess að nú þegar hafa 6 konur úr þessari nýju deild skráð sig til þátttöku á landsambandsþingið okkar.

Skýrsla

Eins og ég minntist á í tölvupósti sem ég sendi ykkur í gær eiga formenn deilda að skila inn skýrslu til landssambandsins fyrir aðalfund. Þessi skýrsla á að fjalla um starf deildarinnar frá 2015–2017. Þið þurfið því að fá skýrslu deildarinnar frá árinu 2014–2016 frá

síðasta formanni, taka seinna árið þaðan og bæta starfsárinu sem nú er að líða við. Þessa skýrslu bið ég ykkur um að senda mér fyrir þriðjudaginn **2. maí** svo hægt sé að safna skýrslunum saman og prenta út fyrir þingið. Við munum ekki biðja ykkur að flytja skýrsluna á aðalfundinum sjálfum.

Lucile Cornetet sjóðurinn

Ég minni aftur á að **1. maí** er næsta „deadline“ á að sækja um í einstaklingshluta Lucile Cornetet sjóðinn. Sjóðurinn styrkir konur í fræðslustörfum (ekki bara DKG konur) til að sækja :

„Conferences, Seminars, Lecture series, National certification, Online courses og Workshops and other non-degree programs“. Hér [má nálgast umsóknareyðublað](#).

Nefndastörf næstu tvö árin

Þegar búið verður að kjósa nýja stjórn landsambandsins þann 7. maí næstkomandi verður eitt af fyrstu verkum hennar að skipa

fulltrúa í þær nefndir landssambandsins sem ekki er kosið í á aðalfundi. Ég bið ykkur formenn að hvetja ykkar konur til að gefa kost á sér í þessi nefndastörf næstu tvö árin. Best væri ef hægt væri að safna saman nöfnum og senda tillögur frá ykkar deildum strax að loknu landsambandsþingi. Það auðveldar mjög starf nýrrar stjórnar ef skipan í nefndir gengur fljótt og vel fyrir sig.

Að lokum

Að lokum minni ég á að Samskipta- og útgáfunefndin er á fullu þessa dagana við að hanna vorfréttabréfið okkar. Nefndin munu væntanlega senda formönnum póst (og eru kannski búnar að því nú þegar) með ósk um efni frá deildum og bið ég ykkur um að bregðast fljótt og vel við erindi þeirra. 😊

Hlakka til að sjá ykkur sem flestar á þinginu

Bestu kveðjur!

Eygló Björnsdóttir, forseti DKG

**Verum virkar –
styrkjum starfið**